

Helgina 22.-23. júní var haldið Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum fyrir 11-14 ára á Laugardalsvelli. UÍA átti þar fimm keppendur og þar af voru fjórir frá Hetti. Þrír Íslandsmeistaratitlar komu í þeirra hlut. Miklar bætingar voru hjá þeim öllum í flestum greinum og alls koma þau heim með fimm verðlaun.



Björg Gunnlaugsdóttir (13 ára) er tvöfaldur Íslandsmeistari, í 100 m hlaupi á 13,57 og 600 m hlaupi á 1,49:35. Hún varð í 2. sæti í langstökki með 4,74 m og 4. í spjótkesti með 22,72 m.

Birna Jóna Sverrisdóttir (12 ára) varð Íslandsmeistari í kúluvarpi með 9,41 m og 5. í spjótkesti með 20,20 m.

Hrafn Sigurðarson (13 ára) varð í 2. sæti í 600 m hlaupi á 1,46:06 og í 5. sæti í 100 m með 14,21 sek.

Hjördís María Sigurðardóttir (13 ára) keppti í langstökki og 100 m hlaupi og bætti sig í báðum greinum.

Auk þess keppti UÍA maðurinn Viktor Ívan Vilbergsson (14 ára) hlaut silfur í 100 m hlaupi á 12,86 og 1,41:95. Hann varð í 5. sæti í langstökki með 4,61 m.

Glæsilegur árangur hjá krökkunum sem eru nú á leið til Svíþjóðar til að tæka þátt á Gautaborgarleikunum.

